

Hvað er á seyði um helgina

Hvað er á seyði um helgina



Ein gouachemynda Svein Ellingsen.


Gouachemyndir í Norræna húsinu

Í anddyri Norræna hússins verður á laugardag opnuð sýning á gouachemyndum eftir norska listamanninn og sálmaskáldið Svein Ellingsen og verður listamaðurinn viðstaddur opnunina.

Svein Ellingsen er fæddur 1929. Hann stundaði nám við Listaháskólann í Ósló 1952–1955, auk þess sem hann nam við einkaskóla. Hann hefur tekið þátt í mörgum samsýningum og eins

hefur hann haldið einkasýningu í Arendal, þar sem hann býr. Sýningin í Norræna húsinu er fyrsta einkasýningin, sem Svein Ellingsen heldur utan heimalandsins. Sýningin kemur hingað frá Galleri Kampen í Ósló, en það hefur nýlega hafið starfsemi sína.

Sýningin verður opin dagl. á opnunartíma hússins, kl. 9–19 mánud. — laugardaga, sunnudaga kl. 12–19.



Kjarvalsstaðir:

Septem-hópurinn í vestursal

Tólfsta sýning Septem-hópsins verður opnuð í vestursal Kjarvalsstaða á morgun 1. september. Þar sýna vitanlega félagar úr Septem-hópnum þau Guðmunda Andrésdóttir, Þorvaldur Skúlason, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson. Auk þeirra eru Karl Kvaran og

Steinþór Sigurðsson í hópnum, en þeir taka ekki þátt í sýningu hópsins að þessu sinni.

Gestur sýningarinnar er Guðmundur Benediktsson myndhöggvari.

Sýningin er opin frá kl. 14.00 til 22.00 alla daga og stendur hún til 16. september.

Árสปing FR

Árสปing FR, félags farstöðvaeigenda á Íslandi, verður haldið að Hótel Borgarnesi dagana 31. ágúst og 1. september nk. Til þingsins hafa verið boðaðir fulltrúar hinna 25 deilda

félagssins, sem starfa vítt og breitt um landið. Fjöldi þingfulltrúa verður um 70 talsins. Samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, mun setja þingið.



RYKK-ROKK

Rykk og rokkað verður á planinu við Félagsmiðstöðina Fellahelli á morgun og hefst fjörið kl. 19.00.

Þeir sem rokka verða: Dalli og rytmadrengirnir, Svefnpurkur, Óakveðna riffið og stórrökkhljómsveitin OXSMÁ.

A milli hljómsveita munu 20 breakarar keppast við að skrykkja undir stjórn diskótekarans Titta.

Stórrökkhljómsveitin Oxsmá rokkar á rykkrokk við Fellahelli annað kvöld.



Tilkynningar



Mariusystur á Íslandi í annað sinn.

Hér á landi eru nú staddir tvær Mariusystur frá Noregi. Mariusysturnar, sem tilheyra lúthersku kirkjunni, hófu starf sitt í seinni heimstyrjöldinni í Darmstad í Vestur-Þýskalandi og eru nú með starf á 18 stöðum í 16 löndum. Boðskapur Mariusystanna hefur verið mikil uppörvun og hvatning til hinna kristnu. Móðir Basilea, annar leiðtogi systanna, er vel þekkt meðal kristinna en hún hefur skrifað fjölda bóka sem þýddar hafa verið á yfir 60 tungumál, þar af ein á íslensku og heitir „Þegar Guð svarar“.

Þetta er nú í annað sinn sem Mariusysturnar koma hingað til lands en þær eru hér á vegum kirkjunnar og ýmissa trúfélaga innan hennar, og verða þær með tvær helgar-samverur á Hallormstað 31. ágúst — 2. sept. og í Skálholti 7. — 9. sept. Einnig verða þær með samkomur í Nesirkirku 4., 5. og 6. sept. kl. 20.30 en auk þess verða samkomur hjá Kristil. fél. heilbrigðisstétta, KFUM og á Hjalpræðishernum 10., 11. og 12. sept. Allir eru hjartanlega velkomnir á samverustundirnar.

Light nights í Tjarnarbíói.

Síðustu sýningar á föstudag og laugardag. Engin sýning á sunnudag.



Hjólreiðar í Hafnarfirði

Sunnudaginn 2. september klukkan 2 e.h. mun JC í Hafnarfirði halda sitt árlega hjólreiðamót í hjarta Hafnarfjarðar. Hjólað verður í tveim flokkum, opnum flokki og keppnisflokki. Lagt verður af stað frá lögreglustöðinni Suðurgötu og hjólaður verður rúmlega 4 km hringur, þannig að mjög auðvelt verður fyrir áhorfendur að fylgjast með mótnu, en aðgangseyrir er enginn. Að flestra álitum var þetta best heppnaða hjólreiðamót síðastliðið sumar svo við hvetjum alla Hafnfirðinga til að mæta og hjóla sér til afþreyingar og ánægju. Því fátt er hollara en góð hreyfing.

HFR.

„Náttúrunytjar“ hjá NVSV.

Aður en við ljúkum sumarstarfinu höfum við í hyggju að byrja nýja ferðaröð sem við nefnum „Náttúrunytjar“. Í þeim ferðum er ætlunin að kynna nokkrar plöntur, sveppi og dýr sem við eigum að geta nýtt á þessum um ránryrkju eða mikla röskun sé að ræða. Rætt verður um aðferðir til að ná því marki, hvað ber að varast, hvaða afleiðingar ránryrkja og mikil röskun hefur á lífríkið og hvernig það gengur fyrir sig. Þá ræðum við aðferðir til að ná til lífrænnis og meðhöndla þær. Í ferðunum reynum við einnig að kynna ný viðhorf til þessara mála. Ferðirnar verða

farar að venju frá Norræna húsinu á laugardögum en lagt verður af stað í náttúrunytjarferðirnar kl. 10.00 og þær sameinaðar ferðaröðinni „Umhverfið okkar“ sem farar eru kl. 13.30. Möguleiki verður fyrir fólk úr fyrri ferðinni að fara með bílnum sem sækir fólk í seinni ferðina og koma til Reykjavíkur um kl. 13.30 eða áfram með seinni hópnum. Við reiknum með að hafa þennan háttinn á einhvern næstu laugardaga.

Ferðalög



Helgarferðir 31. ág.-2. sept.:

1. Fljótslíð, Tindfjalla jökull. Gist í húsi.
2. Þórsmörk. Gist í Skagfjörðsskóla.
3. Landmannalaugar, Eldgjá. Gist í sæluhúsi F.I.
4. Álfavatn á Fjallabaksleið syðri. Gist í sæluhúsi F.I.

4. Í samvinnu við Ferðafélag Húsavíkur efnir F.I. til helgarferðar í Kverkfjöll. Verð kr. 4.500. Farmiðasala og allar upplýsingar á skrifstofu F.I., Öldugötu 3.

Ferðafélag Íslands.

Dagsferðir sunnud. 2. sept.:

1. kl. 09. Hlíðuvellir, Hlíðufell (1188 m). Verð kr. 650.-
2. kl. 13. Krisuvík, Geitahlíð. Verð kr. 350.-

Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl.

Ferðafélag Íslands.

Aðrar skemmtilegar stuttar ferðir.

- 1) Hringferð um Snæfellsjökul. Dagsferð um Snæfellsnes frá Stykkishólmi. Möguleiki að fara frá Rvík á einum degi. Frá Stykkishólmi miðvikudaga kl. 13.
- 2) Látrabjarg. Stórskemmtileg dagsferð á Látrabjarg frá Flókalundi. Ferð þessi er sam tengd áætlunarbíreiðinni frá Rvík til Ísa-fjarðar. Frá Flókalundi föstudaga kl. 9. Allar upplýsingar veitir Ferðaskrifstofa BSI, Umferðarmiðstöðinni. Sími 91-22300.

Útivistarferðir um helgina:

1. Dagsferðir sunnudaginn 2. sept. Kl. 8.00 Þórsmörk. Stansað góða stund í Mörkinni. Farið í berjamó.
2. Kl. 10.30 Ölkelduháls — Hrömundartindur. Gengið um áhugavert svæði austan Hengils. Endað í Grafningi.
3. Kl. 13 Grafningur — Hagavík. Létur göngur og berjatinsla sunnan Þingvallarvatns. Brottför í ferðirnar frá BSI, bensínölu. Frítt f. börn í fylgd fullorðinna.

Ath. Haustlítaferð í Núpsstaðarskóg verður helgina 7.—9. sept. Sjáumst!

Útivist.

Skemmtistaðir

KLÚBBURINN: Opíð föstudag og laugardag. Diskótek á tveim hæðum og lifandi tónlist í kjallara.

HÓTEL BORG: A sunnudagskvöld verða gömlu dansarnir á Hótel Borg og hljómsveit Jóns Sigurðssonar leikur fyrir dansi.

HÓTEL SAGA: Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur fyrir dansi á föstudags- og laugardagskvöld ásamt diskóteki sem Gísli Sveinn Loftsson sér um.



ÞÓRSKAFFI: A föstudags- og laugardagskvöld leikur hljómsveitin Goðgá fyrir dansi. GLÆSIBÆR: Um helgina leikur hljómsveitin Glæsir fyrir dansi. Athugið að nýja Óliver verður opíð.

ARTÚN: Gömlu dansarnir föstudags- og laugardagskvöld, Hljómsveitin Drekar leikur.



SAFARI: Opíð föstudags- og laugardagskvöld. Diskótek.

VEITINGASTAÐURINN Y: Kráin opnuð kl. 18.00. Diskótek hefst kl. 21.00.

HOLLYWOOD: Opíð eins og venjulega, föstudag, laugardag og sunnudag. Hársnyrtivörkunnir frá Papillu á föstudag. Bjartmar Guðlaugsson skemmtir á sunnudag.

BROADWAY: Opíð föstudag og laugardag. Bjartmar Guðlaugsson skemmtir bæði kvöldin.



Þegar bílar mætast er ekki nóg að annar viki vel út á vegarbrún og hægi ferð. Sá sem á móti kemur verður að gera slíkt hið sama en notfæra sér ekki til-litssemi hins og gróttberja hann. Hæfilegur hraði þegar mæst er telst u.þ.b. 50 km.



ITT Ideal Color 3304, —fjárfesting í gæðum á stórlækkðu verði.

Vegna sérsamninga við ITT verksmíðurnar í Vestur-Þýskalandi, hefur okkur tekist að fá takmarkað magn af 20" litasjónvörpum á stórlækkðu verði.

ITT

VERÐ Á 20" ITT LITASJÓNVARPI

23.450.-

Sambærileg tæki fást ekki ódýrari. ITT er fjárfesting í gæðum.

GELLIR^H
SKIPHÖLTI 7. SIMAR 20080 & 26800